



Kostnaðar- ábatagreining

Nýtt sjónarhorn – Gott að eldast

maí 2023



Fylgt úr hlaði

Félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra skipuðu verkefnastjórn sumarið 2022 til að vinna aðgerðaáætlun til fjögurra ára um bættu þjónustu við eldra fólk. Þann 10. maí 2023 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlunina. Verkefnið hafði þá fengið heitið „Gott að eldast“. Meginþungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum þar sem samþætting og nýsköpun mun nýtast til ákvarðanatöku um framtíðarskipulag og bættu þjónustu við eldra fólk.

Samþætting

Bæði ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á opinberu þjónustukerfi fyrir eldra fólk, annars vegar heilbrigðisþjónustu sem ríkið veitir og ber ábyrgð á og hins vegar félagsþjónustu sem er á ábyrgð sveitarfélaga. Samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu hefur verið áskorun fyrir stjórnvöld.

Heilbrigð öldrun

Í aðgerðaáætluninni eru settar fram aðgerðir sem stuðla að heilbrigðri öldrun og því að eldra fólk þurfi síður á sértækum þjónustuúrræðum að halda. Aðgerðir sem tryggja bætt aðgengi eldra fólks að alhliða heilsueflingu og að unnið verði eftir áherslum WHO varðandi áratug heilbrigðrar öldrunar.

Vitundarvakning

Aldursfordómar og öldrunarfordómar eru til staðar í okkar samfélagi. Með vitundarvakningu um heilbrigða öldrun og átaki gegn fordómum er stefnt að því að gera samfélagið, þjónustu og þátttöku í því aðgengilegra fyrir alla aldurshópa.

Kostnaðarábatagreining

Hjálpartæki og leiðarvísir

Kostnaðar- og ábatagreining er hjálpartæki og leiðarvísir fyrir stjórnvöld við að bera saman kostnað og ábata og þar með meta hagkvæmni ýmissa aðgerða. Það að ákveðin aðgerð spari sjálfkrafa útgjöld er ekki endilega hagkvæmast að framkvæma ef horft er á það út frá samfélagslegu sjónarhorni.

Afmarkað sjónarhorn

Ýmissa siðferðilegra álitamála gætir þegar verið er að meta kostnaðarhagkvæmni aðgerða. Sú kostnaðar-ábatagreining sem hér er sett fram er unnin út frá afmörkuðu sjónarhorni. Í greiningunni er tekinn beinn kostnaður sem stjórnvöld bera vegna þjónustu við íbúa á móti beinum ábata eða greiðslum þeirra til samfélagsins. Horft er bæði til aldursskipts kostnaðar og samfélagslegs kostnaðar og mismunur reiknaður sem stuðull (ábatastuðull eða kostnaðarstuðull).

Gott að eldast mælaborð

Greining er sett fram í gagnvirku mælaborði sem skapar nýja sýn á opinber fjárhagsgögn ríkis og sveitarfélaga og samkeyrir þau við lýðfræðileg gögn. Horft er til fortíðar og reynt að varpa ljósi á framtíðina út frá forsendum sem taldar eru skynsamlegar.

Breytt viðhorf til öldrunar

Oft á tíðum hefur verið litið á aldraða einstaklinga sem kostnaðarbyrði og umræðan síðustu ár hefur verið á þá leið að samhliða hækkandi aldri þjóðar þá aukist útgjöld ríkisins, þá einkum heilbrigðisútgjöld. Með því að horfa á töluleg gögn út frá öðru sjónarhorni er hægt að sýna fram á virði og kostnaðarhagkvæmni heilbrigðrar öldrunar.

Með greiningunni og upplýsingum í mælaborði er þess vænst að viðhorf til öldrunar þjóðarinnar breytist og að litið sé á eldra fólk (67+) sem virði en ekki byrði.

Gott að eldast mælaborð


Gagnvirkt greiningatæki

Allar tölulegar upplýsingar og útreikningar kostnaðarabatagreiningar eru settar fram í gagnvirku mælaborði sem stjórnvöld og hagsmunaðilar geta nýtt sér.

Helstu gagnalindir eru:

- Opinber gögn varðandi lýðfræði.
- Fjárhagsupplýsingar ríkis og sveitarfélaga sem finna má á vef Hagstofu Íslands.
- Samantekna ársreikninga sveitarfélaga sem finna má á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Opinber gögn varðandi tekjur og skatta einstaklinga.

Að auki hefur verið stuðst við gögn og skýrslur frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.



Niðurstöður

Ávinningur heilbrigðrar öldrunar

Á æviskeiði okkar leggjum við mismikið til samfélagsins í formi skattgreiðslna og notfærum okkur þjónustu í mismiklum mæli. Með bættum kjörum og auknu heilbrigði eldra fólks verður samfélagslegur ábati þeirra meiri en þegar það var yngra.

Með aðgerðum í þágu eldra fólks munu yngri kynslóðir í dag leggja enn meira til samfélagsins þegar þau eldast.



Tekjur eldra fólks hafa vaxið hraðar en þeirra yngri síðustu 25 ár

Árstekjur eldra fólks (67+) hafa aukist hlutfallslega meira síðustu ár en yngri aldurshópa. Hlutfall meðaltekna eldra fólks af meðaltekjum einstaklinga á vinnumarkaði hefur farið úr 71,3% árið 1998 í 97,1% árið 2021.



Útsvarsgreiðslur eldra fólks hafa fimmfaldast

Heildarútsvarstekjur sveitarfélaga frá einstaklingum hafa þrefaldast frá árinu 2006. Sé eingöngu litið til útsvarstekna sveitarfélaga frá eldra fólki (67+) þá hafa þær meira en fimmfaldast á þessum 15 árum.



Ábati samfélagsins eykst samhliða auknum tekjum eldra fólks

Sé horft á útsvarstekjur sveitarfélaga frá einstaklingum á móti kostnaði við þjónustu til þeirra kemur í ljós að eldra fólk (67+) skilar meiru til samfélagsins í formi tekna en sem nemur útgjöldum. Árið 2021 voru útsvarstekjur af eldra fólki alls 12 ma.kr. hærrí en heildarkostnaður sveitarfélaga við þennan hóp.



Skatttekjur ríkisins af eldra fólki hafa nær sexfaldast

Skatttekjur ríkisins frá eldra fólki (67+) hafa nær sexfaldast á 15 árum. Á móti hafa útgjöld ríkisins vegna þjónustu við eldra fólk nær fjórfaldast í málaflokkum sem falla undir félags- og heilbrigðismál.

Lífeyriskerfið

Árangur íslenska lífeyriskerfisins er að koma í ljós með töluvert bættri stöðu eldra fólks

97,1%

er hlutfall meðaltekna eldra fólks af meðaltekjum á vinnumarkaði

30%

af útsvarstekjum sveitarfélaga munu koma frá eldra fólki árið 2050

Nýtt sjónarhorn – breytt viðhorf



Eldra fólk leggur meira til samfélagsins en áður

Framlag eldra fólks (67+) í formi útsvars- og skattgreiðslna til ríkis og sveitarfélaga fer hækkandi. Niðurstöður kostnaðarábatagreiningar sýna að eldra fólk leggur meira til samfélagsins á meðan yngra fólk (<67) skapar meiri útgjöld innan sveitarfélaga. Í kostnaðarábatagreiningunni kemur fram að þrátt fyrir að öllum kostnaði sé dreift jafnt þá er ábatastuðull eldra fólks hærri innan sveitarfélaga og miðað við þróun og spár má gera ráð fyrir að stuðullinn hækki samhliða auknum tekjum, bættu heilbrigði og viðbótarlífárum.

Vitundarvakning um virði eldra fólks

Með aukinni vitundarvakningu um framlag eldra fólks til samfélagsins hefur myndast sterkur hvati til að bæta og samþætta þjónustu innan sveitarfélaga og þar með laða eldra fólk til búsetu.

Heilbrigð öldrun eykur samfélagslegan ábata

Ef stjórnvöld bæta þjónustu við eldra fólk og stuðla þar með að heilbrigðri öldrun má gera ráð fyrir að fleiri íbúar lifi lengur sem eykur samfélagslegan ábata. Fjárfesting í heilbrigðri öldrun skila sér í meiri ábata til alls samfélagsins.

Nægjanlegt, sjálfbært og traust lífeyriskerfi

Íslenska lífeyriskerfið er í efsta sæti á lista Mercer CFA stofnunarinnar. Stofnunin metur ýmsa þætti lífeyrissjóðskerfa og gefur út lífeyrisvísitölur 44 landa. Í niðurstöðum kemur fram að íslenska lífeyriskerfið stendur öðrum þjóðum frammar er varðar heilindi. Kerfið er nægjanlegt, sjálfbært og traust.

Heimild: M.a. Frá Mercer CFA institute Global pension index 2022



©2023 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.



Íslenska lífeyriskerfið
í fyrsta sæti

Aldurssamsetning þjóðar og tekjuþróun

Ung þjóð en hlutfall 67 ára og eldri hækkar stöðugt

Hlutfall 67 ára og eldri er í dag 12,9% og er hlutfallið tiltölulega lágt í samanburði við önnur lönd í kringum okkur. Við teljumst enn vera ung þjóð í alþjóðlegum samanburði við OECD og lönd innan Evrópusambandsins.



**Miðað við þróun og
framfararspár er áætlað að
hlutfall 67 ára og eldri verði
tæp 20% árið 2050**

Aldursamsetning

Aldurssamsetning mismunandi milli sveitarfélaga

Hækkandi hlutfall eldra fólks í samfélaginu hefur verið umtalsefni síðustu ár. Hlutfall eldra fólks var um 10% fyrir um 20 árum en er í dag 12,9% af heildaríbúafjölda eða um 47.300. Hlutfall eldra fólks milli sveitarfélaga er mismunandi og er það lægst í Tálknafjarðarhreppi (8,6%) og Reykjanesbæ (9,0%) árið 2021.


Þjónustuparfir eldra fólks hafa áhrif á búsetu

Með því að rýna í fjölda aðfluttra og brottfluttra íbúa sést að eldra fólk er að færa sig milli sveitarfélaga. Flestir íbúar 67 ára og eldri eru að flytja yfir til Kópavogsbæjar og Árborgar m.a. frá Reykjavík. Með hækkandi aldri verða þjónustuparfir meiri og flóknari sem kallar á aukna félags- og heilbrigðisþjónustu í nærumhverfinu. Það er því áhugavert að sjá í mælaborðinu hvernig hreyfing íbúa er á milli sveitarfélaga eftir aldurshópum.



Tekjur eldra fólks nálgast meðaltekjur á vinnumarkaði

Fyrir um 20 árum var hlutfall tekna einstaklinga 67 ára og eldri um 73% af meðaltekjum einstaklings á vinnumarkaði. Í dag er hlutfallið **97,1%** og hækkar stöðugt. Í sumum sveitarfélögum eru tekjur eldra fólks jafnvel þær sömu eða hærri en meðaltekjur einstaklinga í því sveitarfélagi.




af meðaltekjum á
vinnumarkaði

Sjónarhorn sveitarfélaga

Launapróun og framtíðarsýn

Miðað við spár og þróun síðustu 10 ár má gera ráð fyrir því að útsvarsgreiðslur eldra fólks verði tæp 30% af heildarútsvarstekjum einstaklinga til sveitarfélaga árið 2050 en hlutfall eldra fólks verður um 20% af íbúafjölda.



Aukið útsvar

**30% af heildarútsvars-
tekjum munu koma frá
eldra fólki árið 2050**


Hækkandi útsvarsgreiðslur eldra fólks

Þrjár stoðir

Árið 2006 voru útsvarsgreiðslur eldra fólks um 8,7% af heildartekjum sveitarfélaga en árið 2021 var hlutfallið komið í 12,2%.

Þrjár stoðir skýra hækkandi hlutfall útsvarsgreiðslna:

1. Fjölgun eldra fólks (hlutfallsleg aukning og hækkandi lífaldur).
2. Hærri tekjur eldra fólks.
3. Eldra fólk greiðir herra hlutfall af tekjum sínum í útsvar til sveitarfélaga.



Betri heilsa og hærri tekjur eldra fólks

Á síðustu 15 árum hafa útsvarsgreiðslur eldra fólks fimmfaldast en til samanburðar hafa útsvarsgreiðslur allra landsmanna þrefaldast.

Eldra fólk er ekki einsleitur hópur m.t.t. heilsu og félagslegrar stöðu þar sem hækkandi aldur hefur áhrif á heilsu. Í aldurshópnum 70-74 ára þá hafa útsvarsgreiðslur 5,7 faldast og 5,5 faldast í aldurshópnum 85+. Með hækkandi tekjum og bættu heilbrigði má búast við því að útsvarsgreiðslur eldra fólks 85+ eigi eftir að margfaldast á næstu árum.



Útsvarsgreiðslur eldra fólks hafa fimmfaldast síðustu 15 ár

Kostnaðarábatagreining- sjónarhorn sveitarfélaga


Ábatastuðull

Reiknaður hefur verið út ábatastuðull* fyrir sveitarfélög sem er hlutfallið á milli útsvarstekna sveitarfélaga og þess kostnaðar sem sveitarfélög bera vegna þjónustu við íbúa. Reiknaður hefur verið út ábatastuðull sem er aldurskiptur og fellur þá ákveðinn kostnaður á 67 ára og eldri en jafnframt hefur verið reiknaður út ábatastuðull þar sem öllum kostnaði sveitarfélaga er dreift jafnt óháð aldri.

Útsvarstekjur sveitarfélaga á móti kostnaði

Niðurstöður kostnaðarábatagreiningar sýna að ef gert er ráð fyrir að kostnaður sé að einhverju leyti aldurskiptur eru útsvarstekjur af eldra fólki um 12 ma.kr. umfram kostnað vegna þjónustu við þennan aldurshóp árið 2021. Sé kostnaður hins vegar jafndreifður er kostnaður við þennan hóp um 3 ma.kr. umfram útsvarstekjur árið 2021.

**Ábatastuðull með gildi 1.00 segir að kostnaður sveitarfélaga sé jafn útsvarstekjum. Ef ábatastuðull fer yfir 1.00 þá eru útsvarstekjur frá þeim aldurshópi hærri en kostnaður sveitarfélagsins. Kostnaður sveitarfélaga er sundurliðaður í ársreikningum sveitarfélaga*



Eldra fólk leggur meira til samfélagsins

Sé horft á útsvarstekjur sveitarfélaga á mótí kostnaði við þjónustu kemur í ljós að eldra fólk (67+) skilar meiru til samfélagsins í formi útsvarstekna en sem nemur útgjöldum sveitarfélaganna vegna þessa hóps. Greining bendir til að ábatastuðull sveitarfélaga sé hærri fyrir eldra fólk en það yngra (<67).



©2023 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.



Ábati

samfélagsins eykst
samhliða auknum tekjum
eldra fólks, bættu
heilbrigði og fleiri góðum
lífárum


Stöðukort

Staða sveitarfélaga

Með því að bera saman nokkur einföld hlutföll í samsetningu aldurshópa og tekjustofna má hólfa sveitarfélög í 4 flokka. Ætla má að tækifæri og áskoranir í hverjum flokki geti verið nokkuð mismunandi milli sveitarfélaga. Þegar fram í sækir gefur stöðukortið jafnframt möguleika á að bæta við fleiri mælikvörðum og rýna í árangur aðgerða og fylgjast þar með þróun og árangri fjárveitinga.


Flokkar sveitarfélaga skv. stöðukorti:

- **Tækifæri til fjárfestinga í þágu eldra fólks**
 - Lág hlutfall eldra fólks (-) / Háar skatttekjur pr. íbúa (+)
- **Samþætt þjónusta ætti að vera til staðar**
 - Hátt hlutfall eldra fólks (+) / Háar skatttekjur pr. íbúa (+)
- **Tækifæri til að laða til sín eldra fólk**
 - Lág hlutfall eldra fólks (-) / Lágar skatttekjur pr. íbúa (-)
- **Þörf á aðgerðum í þágu eldra fólks**
 - Hátt hlutfall eldra fólks (+) / Lágar skatttekjur pr. íbúa (-)



Hlutfallslega færri 67 ára og eldri sem fá afslátt

Frá árinu 2012 hefur hlutfall eldra fólks sem fær afslátt af fasteignagjöldum lækkað úr 27% í 20%. Heildarafsláttur fasteignagjalda eldra fólks var um 640 m.kr. árið 2021 sem segir að sveitarfélög fá um 227 m.kr. meira í fasteignagjöld árið 2021 en fyrir 9 árum.




af íbúum sveitarfélaga 67 ára og eldri fengu afslátt af fasteignagjöldum árið 2021

Sjónarhorn ríkisins

Hækkandi hlutfall skatttekna ríkisins frá eldra fólki

Frá árinu 2006 til ársins 2021 hefur hlutfall einstaklingsskatta frá eldra fólki (67+) farið úr 7,5% í 15% af heildarskatttekjum. Samhliða hækkandi tekjum og miðað við þróun mannfjölda, bætt heilbrigði og fleiri góð lífár má búast við því að hlutfall einstaklingstekna eldra fólks verði um eða yfir 30% af heildarskatttekjum ríkisins árið 2050.



Virði heilsu

Framlag eldra fólks í formi skattgreiðslna til ríkisins fer hækkandi samhliða bættu heilbrigði og góðum lífárum

Kostnaðarabatagreining – sjónarhorn ríkisins

Kostnaðarstuðull

Reiknaður hefur verið út kostnaðarstuðull* fyrir ríkið sem er hlutfallið á milli skatttekna ríkisins í formi einstaklingsskatta og útgjalda vegna málaflokka** sem heyra undir félags- og heilbrigðismál. Reiknaður er kostnaðarstuðull sem er aldurskiptur og þá falla ákveðin útgjöld innan þessa málaflokka eingöngu á 67 ára og eldri en jafnframt hefur verið reiknaður stuðull þar sem útgjöldum er dreift jafnt óháð aldri.

Aukin útgjöld ríkisins til félags- og heilbrigðismála

Niðurstöður kostnaðarabatagreiningar sýna að útgjöld ríkisins í félags- og heilbrigðismálum hafa hækkað umtalsvert síðustu 15 ár. Kostnaðarstuðullinn var 0,99 árið 2006 en árið 2021 var stuðullinn kominn í 0,61. Ef horft er á aldurskiptan kostnaðarstuðul þá er stuðullinn 0,85 hjá yngra fólki (<67) en 0,24 hjá eldra fólki (67+). Sem segir að einstaklingsskattar frá yngra fólki er hærra hlutfall af útgjöldum ríkisins.

Eldra fólk greiðir hækkaði hlutfall útgjalda ríkisins

Þrátt fyrir aukin útgjöld ríkisins þá er eldra fólk (67+) að greiða hækkaði hlutfall útgjalda í formi einstaklingsskatta. Kostnaðarstuðull eldra fólks hefur farið úr 0,16 í 0,24 frá árinu 2006 - 2021 en á móti hefur kostnaðarstuðull yngra fólks lækkað úr 1,70 í 0,85 á sama tíma.



*Kostnaðarstuðull með gildi 1.00 segir að skatttekjur frá einstaklingum séu jöfn útgjöldum ríkisins. Ef kostnaðarstuðull fer yfir 1.00 þá eru skatttekjur frá einstaklingum hærra en útgjöld ríkisins.

**Hagstofa Íslands tekur saman yfirlit yfir fjármál hins opinbera og flokkar útgjöld ríkisins skv. COFOG staðli sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út og er notaður m.a. af OECD og Eurostat við flokkun útgjalda eftir málaflokkum.

Skatttekjur ríkisins af eldra fólki hafa aukist meira en útgjöld

Skatttekjur ríkisins frá eldra fólki (67+) hafa nær sexfaldast á 15 árum. Á móti hafa útgjöld ríkisins til félags- og heilbrigðismála nær fjórfaldast í aldurshópum eldra fólks en fimmfaldast hjá yngra fólki.

Skatttekjur x


6

Útgjöld x

4

Viðauki

A new perspective –how we think about ageing



Older people are contributing more to society

The results of the cost-benefit analysis show that older people (67+) contribute more to society in the form of taxes and municipal income tax, while younger people (<67) create more expenses. In the cost-benefit analysis, it is stated that even though all costs are distributed equally within municipalities, the profit factor of older people is higher. Based on trends and forecasts, it can be assumed that the factor will increase along with increased income, improved health and additional life years

Rising awareness of the value of older people

With increased awareness of the contribution of older people to society, a strong incentive has been created to improve and integrate services within municipalities and thereby attract older people to live there.

Healthy ageing increases societal benefits


If authorities improve services for older people and thereby promote healthy aging, it can be assumed that more residents will live longer, which increases social benefits. Investing in healthy aging results in greater benefits for society as a whole.

Árangur fjárveitinga ríkisins

Skýrsla fjármála- og efnahagsráðuneytisins birt í maí 2022



30 ma. kr.

heildarkostnaður
Landspítala árið 2020
vegna þjónustu við
eldra fólk.



Helmingur 67 ára og eldri
sem létust á árinu 2020 voru
íbúar á hjúkrunarheimilum.

Örar breytingar eftir 80+




Aukin virknigeta

Með aukinni virknigetu 80+ má
bæði draga úr eftirspurn eftir
dvöl á hjúkrunarheimili og
lækka heildarhlutfall íbúa sem
dvelja þar næstu árin

12 m.kr.

sparnaður ríkis á ári við að fresta
dvöl einstaklings á hjúkrunarheimili

Þjónustustig og samanburður
á árskostnaði á mann árið
2020 í þús. kr.



14,1%

íbúa 85-89 ára dvelja
á hjúkrunarheimili

9,5 ma. kr.

áætlaður heildarsparnaður
ríkisins á ári með aukinni
virknigetu eldra fólks (67+)
í heimahúsi.

Tengiliðir

Tengiliðir KPMG



Svanbjörn Thoroddsen

✉ sthoroddsen@kpmg.is



Bryndís Gunnlaugsdóttir

✉ bgunnlaugsdottir@kpmg.is



Hallgrímur Arnarson

✉ hallgrimurarnarson@kpmg.is



Helga Garðarsdóttir

✉ hgardarsdottir@kpmg.is

Fyrirvarar

Greiningin er unnin af KPMG skv. samkomulagi við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti með það að markmiði að meta kostnaðarábata hins opinbera vegna aðgerðaráætlunar í þágu eldra fólks undir heitinu Gott að eldast. Vinnan er byggð á greiningu á opinberum gögnum frá Hagstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem og samtölum við verkefnastjórn Gott að eldast og öðrum hagaðilum sem að verkefninu koma.

KPMG ber ekki skylda til að uppfæra skýrsluna vegna upplýsinga sem fram kunna að koma eftir að skýrslan hefur verið gefin út. Enn fremur ber KPMG ekki ábyrgð á efni skýrslunnar ef upplýsingar sem KPMG voru láttnar í té við skýrslugerðina reyndust rangar eða ófullnægjandi. Í einhverjum tilvikum kann lesandi að vilja nánari upplýsingar eða lýsingar á kröfum í skýrslunni og er það á ábyrgð lesanda að óska eftir viðbótarupplýsingum telji hann þörf á því.



KPMG